

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Hagsmunasamtök  
Heimilanna



6. maí 2020

**Efni: Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna um 762. mál á 150. löggjafarþingi**

*Nauðungarsala (frestun nauðungarsölu)*

Með frumvarpi þessu er lagt til að gerðarþoli geti óskað eftir því að nauðungarsölu íbúðarhúsnæðis þar sem hann heldur heimili og hefur lögheimili verði frestað fram yfir 1. júní 2021. Sú tillaga er í fullu samræmi við þær aðgerðir sem Hagsmunasamtök heimilanna hafa lagt áherslu á að skuli grípa til í því skyni að veita heimilunum skjól fyrir þeim neikvæðu áhrifum sem heimsfaraldur kórónuveiru hefur og mun hafa á efnahagslífið og fjárhagslega stöðu heimilanna á næstunni.

Alls voru um 18 þúsund manns á atvinnuleysissskrá hjá Vinnumálastofnun undir lok aprílmánaðar og um 37 þúsund í minnkuðu starfshlutfalli. Þeir sem urðu fyrir uppsögnum nú fyrir mánaðamótin fara flestir inn á atvinnuleysissskrá í ágúst batni atvinnuástandið ekki í millitíðinni. Samkvæmt upplýsingum frá Samtökum fjármálafyrirtækja hafa nær 4.000 heimili fengið greiðslufresti á lánum hjá bönkunum og sparisjóðum. Miðað við markaðshlutdeild þeirra á húsnæðislánamarkaði má leiða að því líkur að heildarfjöldi þeirra heimila sem hafa sótt um slík úrræði sé nú þegar nær 8.000.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lýst því yfir að búast megi við verstu kreppu í hundrað ár, jafnvel verri en þeirri sem gjaldþrot bankanna árið 2008 hafði í för með sér. Enginn treystir sér til að spá um hversu langvarandi þessi kreppa muni verða en ljóst er að ekki munu öll heimili fara vel út úr henni. Frestun greiðslna í 6 mánuði mun ekki leysa vanda allra þó hún sé mikilvæg sem fyrstu viðbrögð, en við mörgum mun ekkert blasa við nema óvissan ein þegar frestuninni lýkur.

Frumvarp þetta er gríðarlega mikilvægur liður í því að veita heimilunum skjól við þær fordæmalaus efnahagslegu aðstæður sem eru komnar upp. Hagsmunasamtök heimilanna skynja miklar áhyggjur og ótta meðal almennings um afdrif heimilanna á komandi misserum. Frestun á nauðungarsölum myndi senda sterk skilaboð og hughreysta þá sem hafa þessar réttmætu áhyggjur. Samtökin mælast því eindregið til þess að frumvarp þetta verði samþykkt sem lög nú þegar.

- o -

Virðingarfyllst,  
f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna,

Ásthildur Lóa Þórsdóttir, formadur@heimilin.is

Guðmundur Ásgeirsson, erindreki@heimilin.is